



Reglur um frístundarheimili Flóaskóla

1. gr.

Almennt

Frístundarheimili er rekið fyrir börn í 1.-4. bekk í Flóaskóla, Flóahreppi. Skilyrði fyrir vistun er að nemandieigi lögheimili í Flóahreppi eða stundi nám við Flóaskóla samkvæmt samkomulagi þar um.

Hlutverk frístundaheimilis er að mæta þörfum fjölskyldna í sveitarfélaginu og skapa yngstu nemendumgrunnskólanna tryggan samverustað eftir að skóla lýkur.

2. gr.

Starfsmenn

Skólastjóri Flóaskóla er yfirmaður frístundar. Starfsmenn í frístund sjá um skipulag starfseminnar og umsjónbarna sem þar eru í vistun. Til að tryggja öryggi barna og starfsmanna er miðað við að tveir starfsmenn séu við störf hverju sinni.

3. gr.

Opnunartími

Frístundarheimili er opið eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur þá daga skólaársins sem kennsla er í Flóaskóla. Daglegur opnunartími frístundar er til kl. 16:30 mánudaga til fimmtudaga og til kl. 16:00 áföstudögum. Á starfsdögum er frístund opin frá kl. 8:00 að morgni nema annað sé tekið fram á skóladagatali. Á skertum dögum er opið frá því að kennslu lýkur.

Frístund er lokuð í haust- og vetrarfríi skólans.

Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á að láta vita ef barn mætir ekki í frístund.

4. gr.

Innritun

Umsókn um vistun á frístundarheimili skal skila til ritara Flóaskóla fyrir 15. ágúst vegna komandi skólaárs. Ef breyta á vistun hjá börnum skulu breytingar berast fyrir 15. hvers mánaðar og tekur það gildi um næstu mánaðarmót á eftir.

Á starfsdögum er í boði fyrir öll börn sem eru skráð í frístund að vera í vistun. Greitt er sérstaklega fyrir vistunina ef barn er alla jafna ekki skráð þann vikudag í frístund.

5. gr.

Dvalargjald

Greiða þarf fyrir dvalartíma sem pantaður hefur verið, óháð því hvort barnið mætir eða ekki. Greiða þarf gjald fyrir hvern dag samkvæmt gjaldskrá. Innfalið í verði er síðdegishressing, á starfsdögum Flóaskóla er boðið upp á morgunávexti, léttan hádegisverð og síðdegishressingu. Veittur er 25% systkinaafsláttur ef barná systkini í frístund eða á leikskólanum Krakkaborg.

Dvalargjald er greitt mánaðarlega og er greiðsluseðill birtur í heimabanka foreldra/forráðamanna.



6. gr.

Sumarfrístund

Eftir miðjan ágúst er boðið upp á sumarfrístund fyrir börn í verðandi 1.-4. bekk. Skráð er sérstaklega í þessavistun. Umsóknnum skal skila til ritara Flóaskóla fyrir 12. ágúst.

7. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi við staðfestingu sveitarstjórnar Flóahrepps.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar annað hvert ár.

Samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps xx.xx.2024

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri